

## Leiðbeiningar fyrir mat á heilbrigði umsækjenda vegna umsóknar um nám í lögglufræðum fyrir verðandi lögreglumenn árið 2024

Samkvæmt c-lið 1. mgr. 38. gr. lögglulaga nr. 90/1996 er þess krafist að nemendur sem hefja starfsnám hjá mennta- og starfspróunarsetri lögreglu skuli vera andlega og líkamlega heilbrigðir og standast fyrirbyggjandi kröfur til heilsufars sem mennta- og starfspróunarsetur lögreglu setur reglur um í samstarfi við háskóla. Eftirfarandi viðmið eru sett til að ná fram markmiði laga og reglugerða um heilbrigði nemenda sem veljast til starfsnáms.

Læknisfræðilegu viðmiðin eru unnin af mennta- og starfspróunarsetri lögreglu og Háskólanum á Akureyri í samráði við sérfræðilækna.

Trúnaðarlæknir á vegum embætti ríkislögreglustjóra sér um að meta heilbrigði umsækjenda og veitir mennta- og starfspróunarsetri lögreglu upplýsingar um hvort umsækjandi uppfylli heilbrigðiskröfur.

Almennt gildir að sé umsækjandi haldinn sjúkdómi eða kvilla sem talinn er koma í veg fyrir að umsækjandi geti lokið starfsnámi á fullnægjandi hátt telst hann ekki uppfylla kröfur um heilbrigði. Um er að ræða sjúkdóma eða kvilla sem valda:

- Varanlegri andlegri og/eða líkamlegri vanfærni.
- Varanlegri skerðingu á líkamlegum styrk eða hreyfigetu.
- Aðrir heilsufarsþættir sem hindra fullnægjandi þátttöku í starfsnámi.

### 1. Grundvöllur ákvarðanatöku

1.1 Í leiðbeiningunum er gerð grein fyrir þeim læknisfræðilegu kröfum sem gerðar eru til umsækjanda um starfsnám hjá mennta- og starfspróunarsetri lögreglu.

Við mat á heilbrigði umsækjanda er lögð sérstök áhersla á þá heilsufarsþætti sem hafa þýðingu með tilliti til:

- Heilsu og öryggi umsækjenda.
- Líkur á því að umsækjandi hafi líkamlega og/eða andlega getu til þess að ljúka námi.
- Heilsu og öryggi annarra einstaklinga og jafnframt með tilliti til samfélagsins í heild.

1.2 Sú lýsing á kröfum til heilbrigðis sem fram kemur í kafla 3 og 4 er hvorki endanlegur eða tæmandi. Því er heilbrigði allra umsækjanda metið heildrænt af trúnaðarlækni sem mennta- og starfspróunarsetur lögreglu velur til þess verkefnis.

## 2. Læknisfræðilegt mat á heilbrigði umsækjenda

**2.1** Heilsufar umsækjenda er metið á grundvelli læknisskoðunar og viðtals ásamt viðbótargögnum um heilsufarssögu umsækjanda, samkvæmt leiðbeiningum mennta- og starfspróunarseturs lögreglu. Upplýsingar um hvaða greinargerðir eða vottorð um ræðir eru merktar í leiðbeiningunum með skáletri og stjörnu.

Trúnaðarlæknir getur aflað nánari upplýsinga um heilsufar sé þess þörf til að leggja mat á heilbrigði umsækjanda, þar með taldar upplýsingar í Heilsugátt. Jafnframt getur trúnaðarlæknir óskað eftir sérstöku mati sérfræðinga á einstökum þáttum í heilsufari umsækjanda í kjölfar læknisskoðunar. Í þeim tilvikum mun trúnaðarlæknir senda tilvísun til sérfræðinga, þar sem því verður við komið.

## 3. Almennt um heilbrigðiskröfur

**3.1** Heilbrigði hvers umsækjenda er metið heildrænt á grundvelli læknisskoðunar og upplýsinga sem umsækjandi veitir, ásamt viðbótargögnum þar sem við á.

Þar sem í leiðbeiningum kemur fram að sjúkdómur sé talinn óæskilegur eða óásættanlegur fyrir starfsnám, er það vegna þess að umræddur sjúkdómur eða kvilli er talinn valda líkamlegri og/eða andlegri færniskerðingu sem dragi úr getu viðkomandi umsækjanda til þess að ljúka starfsnámi á fullnægjandi hátt og geta starfað sem lögreglumaður.

## 4. Sérstakar heilsufarskröfur

### 4.1 Sjón

Sjónskerpa umsækjanda þarf að vera að minnsta kosti 6/6 (1.0) á betra auga og 6/9 á verra auga. Leyfilegt er að uppfylla kröfur til sjónskerpu með notkun sjónglerja eða snertilinsa. Tvísýni eða blinda á öðru auga útloka umsækjanda frá starfsnámi.

Að minnsta kosti þrjú mánuðir þurfa að líða frá sjónlagsaðgerð áður en læknisskoðun fer fram.

Sjónsvið verður að vera eðlilegt.

Litaskyn: Umsækjandi þarf að geta greint rétt sjö af hverjum tíu spöldum á Ishihara prófi.

*Ef umsækjandi er með hrörnunarsjúkdóm í augum sem auka líkur á verulegri sjónskerðingu með tímanum þarf að fara fram sérstakt mat auk þess sem óskað verður eftir skriflegri greinargerð meðhöndlandi sérfræðilæknis.\**



## 4.2 Heyrn og jafnvægi

Krafist er eðlilegrar heyrnar á báðum eyrum án hjálpartækja (eðlileg heyrn skv. HTÍ er heyrn á tíðni talsviðs sem liggur < 35 dB HL að meðalgildi við tíðnirnar 0.5, 1.0, 2.0, 4.0 og 6,0 kHz). Trúnaðarlæknir getur veitt undanþágu að undangengnu ítarlegu mati, algjört heyrnleysi á öðru eyra er útilokandi þáttur.

Sjúkdómar eða kvillar sem hafa í för með sér truflanir á jafnvægi eða jafnvægistilfinningu (svima), hvort heldur sem er stöðugt eða í endurteknum köstum, útilokar umsækjanda frá námi, *nema greinargerð sérfræðings í háls-, nef-, og eyrnalækningum gefi tilefni til annars að mati trúnaðarlæknis.\**

## 4.3 Taugakerfi

Taugasjúkdómar, skemmdir á taugakerfi eða skurðaðgerðir á taugakerfi sem breyta starfsemi miðlægs og/eða útlægs taugakerfis og valda truflunum á jafnvægi, samhæfingu hreyfinga, starfsemi ósjálfráða taugakerfisins, skerða greind, skilning og valda truflun á sjónskynjun, útilokar umsækjanda frá námi.

Hrörnunarsjúkdómar í taugakerfi útilokar umsækjanda frá námi.

Æðagúll í höfði útilokar umsækjanda frá námi.

Flogaveiki með flogakasti á síðustu tíu árum eða notkun flogaveikilyfja á sama tímabili útilokar umsækjanda frá námi.

Saga um góðkynja barnaflog (e. benign focal epilepsies of childhood) útilokar ekki umsækjanda frá námi að því tilskildu að viðkomandi hafi ekki þurft að nota flogaveikilyf á fullorðinsárum nema greinargerð sérfræðilæknis gefi tilefni til annars að mati trúnaðarlæknis\*.

## 4.4 Meðvitundartruflanir og meðvitundartap

Endurteknar truflanir á meðvitund eða meðvitundartap útilokar umsækjanda frá námi, nema *greinargerð sérfræðilæknis í taugasjúkdómum og/eða hjartasjúkdómum gefi tilefni til annars að mati trúnaðarlæknis.\**

Drómasýki (narcolepsy) og slekjukast (cataplexy) útilokar umsækjanda frá starfsnámi.

## 4.5 Kæfisvefn

Kæfisvefn getur verið útilokandi þáttur. *Krafist er skriflegar umsagnar sérfræðings sem starfar við svefndeild Landspítala um alvarleika sjúkdómsins og meðferðarheldni.\**

## 4.6 Hjarta og æðakerfi

Sjúkdómar í hjarta- og æðakerfi sem geta haft áhrif á meðvitund eða valdið meðvitundarleysi útiloka umsækjanda frá námi.



Umsækjendur sem greinst hafa með meðfædda hjartagalla, áunna hjartasjúkdóma, óeðlileg hjartastarfsemi af öðrum toga svo sem hjartsláttatruflanir og aukahljóð verða að láta í té *skriflegt mat sérfræðings í hjartalækningum til að trúnaðarlæknir geti lagt mat á umsókn.*\*

#### 4.7 Lungu og loftvegir

Sjúkdómar sem valda varanlegri skerðingu á starfsemi lungna og loftvega, til dæmis langvinn lungnaþemba, eru útilokandi þáttur.

Langvinnur bólgusjúkdómur í loftvegum sem þarfnast reglulegrar lyfjameðferðar er útilokandi fyrir þátttöku í náminu nema fyrir liggir *álit sérfræðings í lungnasjúkdómum sem gefur tilefni til annars að mati trúnaðarlæknis*.\*

Alvarlegur astmi sem krefst reglulegrar lyfjameðferðar, með köstum sem hefur verið erfitt að ná stjórn á, er útilokandi þáttur.\*

Ofnæmi með alvarlegum köstum (bráðaofnæmisköstum, anaphylaxis) er útilokandi fyrir þátttöku í náminu. Öll ofnæmi sem hafa klíníska þýðingu og auka líkur á því að umsækjandi gæti ekki klárað menntunina á fullnægjandi hátt eru einnig útilokandi þáttur.\*

#### 4.8 Nýru og þvagvegir

Alvarlegir, ólæknandi nýrnasjúkómar eru útilokandi fyrir þátttöku í náminu.

#### 4.9 Meltingarfæri

Alvarlegir langvinnir bólgusjúkdómar í meltingarvegi (til dæmis sáraristilbólga eða Crohns sjúkdómur) eru útilokandi fyrir þátttöku í náminu. Umsækjandi með mildari tilvik getur verið metinn hæfur ef fyrir liggur *álit sérfræðings í meltingarsjúkdómum sem trúnaðarlæknir samþykkir*.\*

Aðrir varanlegir eða ólæknandi sjúkdómar sem raska starfsemi meltingarlíffæra eru útilokandi fyrir þátttöku í náminu nema *greinargerð sérfræðings í meltingarsjúkdómum gefi tilefni til annars að mati trúnaðarlæknis*.\*

Saga um aðgerðir á görnum vegna þyngdartaps, t.d. magaermi, magaband eða hjáveituaðgerð á görnum, getur verið útilokandi þáttur nema *álit sérfræðilæknis í meltingarsjúkdómum gefi tilefni til annars að mati trúnaðarlæknis*.\*

#### 4.10 Efnaskipta- og innkirtlasjúkdómar

Sykursýki sem meðhöndluð er með insúlíni og/eða öðrum blóðsykurslækkandi lyfjum er útilokandi fyrir þátttöku í starfsnáminu.

Efnaskipta- og/eða innkirtlasjúkdómar sem hafa klíníska þýðingu eru útilokandi fyrir þátttöku í starfsnáminu nema *greinargerð sérfræðings í efnaskiptasjúkdómum gefi tilefni til annars að mati trúnaðarlæknis*.\*



#### 4.11 Blóð

Sjúkdómar sem valda aukinni blæðingarhneigð eru útilokandi fyrir þátttöku í starfsnáminu.

Sjúkdómur í blóði eða blóðframleiðandi líffærum sem hefur í för með sér að umsækjandi geti ekki tekið þátt í starfsnáminu á fullnægjandi hátt er útilokandi *nema greinargerð sérfræðings gefi tilefni til annars að mati trúnaðarlæknis.*\*

Varanleg meðferð með blóðþynningarlyfjunum Kóvar (coumarin), NOAC (new oral anticoagulants) eða skyldum lyfjum er útilokandi þáttur.

#### 4.12 Stoðkerfi

Alvarlegir bólgusjúkdómar í liðum (til dæmis liðagigt eða Bekhterev) eða aðrir alvarlegir liðsjúkdómar (til dæmis slitgigt) eru útilokandi fyrir þátttöku í náminu nema að *álit gigtlæknis liggir fyrir sem gefur tilefni til annars að mati trúnaðarlæknis.*\*

Sjúkdómur með klíniska þýðingu, afleiðingar áverka eða meðfædd fötlun í stoðkerfi (beinum, liðum, vöðvum og/eða sinum) er útilokandi fyrir þátttöku í náminu nema *álit bæklunarlæknis eða endurhæfingarlæknis gefi tilefni til annars að mati trúnaðarlæknis.*\*

Notkun gervihandleggs eða gervifótleggs er almennt útilokandi þáttur nema fyrir liggja álit endurhæfingarlæknis sem gefur tilefni til annars að mati trúnaðarlæknis.\*

#### 4.13 Húð

Alvarlegir og langvarandi húðsjúkdómar sem minnka verulega líkur á að umsækjandi gæti lokið starfsnámi á fullnægjandi hátt er útilokandi fyrir þátttöku nema *sérfræðiálit húðlæknis gefi tilefni til annars að mati trúnaðarlæknis.*\*

#### 4.14 Geð- og fíknisjúkdómar

Saga um geðsjúkdóm eða yfirstandandi geðsjúkdómur getur verið útilokandi frá þátttöku í starfsnáminu.

Geðklofi eða geðhvarfasýki auk alvarlegrar persónuleikaröskunar er útilokandi þáttur.

Yfirstandandi fíknivandi með notkun á löglegum eða ólöglegum vímuefnagjöfum er útilokandi þáttur.

Neysla á ólöglegum vímuefnum er útilokandi þáttur. Misnotkun á áfengi og/eða lyfjum er útilokandi þáttur. Hafi umsækjandi fyrri sögu um neyslu ólöglegra vímuefna eða misnotkun á áfengi og/eða lyfjum verða að hafa liðið tvö ár frá slíkri hegðun og viðkomandi skal undirgangast lyfjapróf þegar þess er óskað. Trúnaðarlæknir metur umsækjanda út frá fyrirliggjandi gögnum og læknisskoðun.

Athyglisbrestur með eða án ofvirkni (ADHD/ADD) getur verið útilokandi þáttur ef einkennin eru hamlandi fyrir daglegt líf og þeirrar færni sem krafist er í starfsnámi út frá öryggissjónarmiði.

Frekara mat fer fram af hálfu geðlæknis auk þess sem umsækjandi getur skilað inn viðbótargögnum frá meðhöndlandi sérfræðingi.

Taugaproskavandi og/eða proskahömlun t.d. Tourette, hamlandi stam eða einhverfurófsraskanir eru útilokandi, nema greinargerð sérfræðilæknis í geðsjúkdómum eða taugasjúkdómum gefi tilefni til annars að mati trúnaðarlæknis.\*

Saga um annan geðvanda svo sem kvíðaraskanir eða átröskun geta verið útilokandi, þar sem þeir einstaklingar teljast vera með skert álagspól, sem dregur verulega úr líkum á því að viðkomandi geti stundað starfsnám með fullnægjandi hætti. Hjá umsækjendum með slíka sjúkrasögu verður ekki einungis horft til núverandi ástands, heldur einnig alvarleika fyrri veikindalotna, fjölda veikindatímabila, tímalengd frá síðustu veikindalotu, meðferð og meðferðarárangur.

Einstaklingar sem þarfnast meðferðar með lyfjum sem hafa alvarlegar og íþyngjandi aukaverkanir sem hafa áhrif á getu þeirra til að sinna lögreglustörfum teljast ekki uppfylla skilyrði um heilbrigðiskröfur fyrir starfsnám.

Umsækjendur sem hafa þurft meðferð síðustu 12 mánuði með kvíðastillandi lyfjum, þunglyndislyfjum eða lyfjum gegn ofvirkni eða athyglisbresti verða boðaðir í sérstakt mat hjá geðlækni.

Viðmið þessi gilda þar til endurskoðun fer fram og eru sett í samræmi við c-lið 1. mgr. 38. gr. lögglulaga nr. 90/1996.

Reykjavík, 26.01.2024

Mennta- og starfspróunarsetur lögreglu